



DEILISKIPULAGSUPPDRAÐTUR 1:500 [A2]




SKÝRINGARUPPDRAÐTUR 1:5000 [A2]



Lokahús, skýringarmynd



Útloftunarbrennur, skýringarmynd



Greinargerð

1. Forsendur

Leggja þarf fráveitulögn til að flytja affallsvökva frá niðurdælingarveitum Svartsengisvirkjunar til útrásar í Arfadalsvík. Lokahús og útloftunarbrennur er mikilvægur hluti fráveitunnar og nauðsynlegt vegna niðurdælingar á affallsvökva til sjávar.

Skipulagssvæði lokahúss og útloftunarbrennar er staðsett vestan Grindavíkurbæjar, í nálægð við ströndina við Arfadalsvík. Landið er í ríkiseign og skipulagssvæðið er að stærstum hluta staðsett á svæði sem skilgreint er sem iðnaðarsvæði í 6. á aðalskipulagi Grindavíkurbæjar 2010 – 2030. Hluti skipulagssvæðisins sem nær til útloftunarbrennar nær inn á svæði sem skilgreint er sem óbyggt svæði í aðalskipulagi Grindavíkurbæjar 2010 – 2030 og inn á svæði á náttúruminjaskrá.

1.1. Tilgangur og markmið deiliskipulags

Meginmarkmið deiliskipulagsins er:

- Að gera grein fyrir hluta fráveitumannvirkis sem nauðsynlegur er til að uppfylla skilyrði starfsleyfis orkuversins í Svartsengi sem kveður á um að yfirborð Bláa lönsins megi hvorki stækka né minnka og vökvaborð þess hvorki hækka né lækka.
- Að skapa örug rekstrarskilyrði fyrir orkuverid í Svartsengi og Bláa Lónið.

1.2. Samræmi við aðrar áætlanir

Tillagan er í samræmi við ákvæði og markmið aðalskipulags Grindavíkur 2010-2030 sem staðfest var af umhverfisráðherra þann 25.05.2012 og síðari br., Fráveitulögn frá Svartsengi til sjávar, sem staðfest var af Skipulagsstofnun þann 24.07.2013.

Tillagan er í samræmi við Auðlindastefnu Grindavíkur sem gerir ráð fyrir hagsælli nýtingu jarðvarmans og að skipulag taki mið af nýtingu auðlinda í landi sveitarfélagsins.

2. Skilmálar

2.1. Aðkoma Samgöngur og bílastæði

Aðkoma er frá Nesvegi (425) um vegslóða meðfram fráveitulögninni.

2.2. Lóð

Afmörkuð hefur verið 1.140 m² lóð undir lokahús og hreinsibrunn og aðra 55m² lóð undir útloftunarbrennu.

Nýtingarhlutfall á lóð lokahúss er 0,1 og 0,3 á lóð útloftunarbrennar, nýtingarhlutfall einstakra lóða er birt á uppdraði.

2.3. Byggingarreitur

Afmörkuð hefur verið 210 m² byggingarreitur á lóð lokahúss þar sem heimilt er að reisa allt að 55m² lokahús og 16 m² hreinsibrunn.

- Gert er ráð fyrir að hluti lokahúss verði niðurgraffinn um allt að 1,5m undir bindandi kóta aðkomuhæðar. Hámarkshæð lokahúss er 3,5m yfir bindandi kóta aðkomuhæðar skv. mælilaði.
- Gert er ráð fyrir að þak lokahúss verði hulið samskonar grjóti og einkennir fjörkambinn.

Á lóð útloftunarbrennar er afmarkaður 30m² byggingarreitur þar sem heimilt er að staðsetja allt að 16m² útloftunarbrennu.

- Gert er ráð fyrir að hámarkshæð útloftunarbrennar verði 1,5m yfir núverandi landhæð á byggingarreit.

Lóðarhafa er ekki heimilt að ryðja eða moka jarðvegi og grjóti út fyrir lóðarmörk og lágmarka skal allt rask á svæðinu.

Við framkvæmdir á lóðum skal umfram jarðveg og grjót sem losnar vegna grafrar nýtt eins og kostur er við frágang á lóð og að öðrum kosti fjarlægð á vðurkenndan losunarstað. Við frágang á lóðum og mannvirkjum skal takmarka áhrif framkvæmda á verndarsvæði og ásynd eins og kostur er.

3. Umhverfisáhrif

Deiliskipulag lokahúss og útloftunarbrennar er hluti fráveitumannvirkis sem er tilkynningarskyllt til ákvörðunar um matsskyldu sbr. tl. 13a í 2. viðauka laga nr. 106/200 um mat á umhverfisáhrifum. Skv. ákvörðun Skipulagsstofnunar frá því 23.11.2012 eru framkvæmdir vegna fráveitunnar ekki háðar mati á umhverfisáhrifum þar sem þær eru ekki taldar líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Deiliskipulagið fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlanana.

Möguleg áhrif tillögu að deiliskipulagi lokahúss og útloftunarbrennar á umhverfi verða einna helst á ásynd svæðisins.

Tillaga að deiliskipulagi gerir ráð fyrir allt að 16m² útloftunarbrenni innan marka svæðis nr 105 á Náttúruminjaskrá; Strandsvæði vestan Grindavíkur. Verndargildi svæðisins felst í fjörum, fjölbreyttum strandgróði og fjölskrúðugu fuglalífi. Óhjákvæmilegt er að fara yfir verndarsvæðið með fráveitumannvirki til að ná til sjávar. Við frágang á lóðum og mannvirkjum verða áhrif framkvæmda á verndarsvæði og ásynd takmörkuð eins og kostur er, m.a. með því að fella mannvirki að landslagi.

Lokahús verður að hluta niðurgraffið og dregið er úr áhrifum á ásynd með því að hylja þak þess með samskonar fjörugrjóti og finnst í nágrenni þess.

Frekar er gerð grein fyrir heildarumhverfisáhrifum fráveitulagnarinnar og tilheyrandi mannvirkjum í breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2010-2030, fráveitulögn í Svartsengi og umhverfisskýrslu þess. Deiliskipulag lokahúss og

útloftunarbrennar er í fullu samræmi við aðalskipulag Grindavíkur 2010-2030, fráveitulögn í Svartsengi.

3.1. Vöktun

- Framkvæma skal reglubundna vöktun á því hvort marktæk uppsöfnun á þungmálum verði í skúfþangi vegna fráveitunnar. Vöktunaráætlun verði sett upp í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja og eftir atvikum Hafrannsóknastofnunina eða annan sérfræðiaðila.
- Láta vinna ítarlegri rannsókn á lífríki botns við útrásarstað áður en byrjað verður að veita affalli til sjávar. Valin verði heppileg vísitögund til að fylgjast með mögulegri uppsöfnun þungmála í lífríki, t.d. úr hópi brúnpöruna.
- Láta kortleggja samsætningu og þéttleika tegunda út frá útrásarstaðnum og meta áhrif heits affallsvatns á lífríki.

Ef vöktun leiði í ljós að marktæk uppsöfnun þungmála verði í lífríki nærri fráveitunni sé mikilvægt að brugðist verði við með sérstökum aðgerðum, t.d. með því að þynna affallsvökvann.

4. Málsmeðferð, kynningar og samráð

Ekki þykir tilefni til gerðar lýsingar á deiliskipulaginu þar sem forsendum þess er ítarlega lýst í aðalskipulagi Grindavíkur 2010-2030 m.s.br. í samræmi við 40. gr. 3. mgr. skipulagslaga nr. 123/2010. Leitað verður umsagnar Vegagerðarinnar vegna tengingar við Nesveg (425) og Umhverfisstofnunar vegna deiliskipulags á svæði á Náttúruminjaskrá.

Tillagan verður aðgengileg á heimasíðu Grindavíkurbæjar, www.grindavik.is og bæjarskrifstofum Grindavíkurbæjar. Deiliskipulagstillagan verður auglýst almenningi í Fréttablaðinu. Athugasemdarferstur er 6 vikur frá auglýsingu. Bæjarstjórn mun bregðast við athugasemdum að þeim tíma loknum.



Aðalskipulag Grindavíkur 2010 - 2030

SKÝRINGAR

- Mörk skipulagssvæðis
- Lóðarmörk
- Frárennsliðgn
- Byggingarreitur
- Aðkomuvegur/slóði
- Svæði á náttúruminjaskrá
- Áætluð stærð lóðar í fermetrum
- Hámarks nýtingarhlutfall lóðar

Hnitakerfi: ISN93
Kortagrunnar: Loftmyndir ehf., HS Orka, VSÓRáðgjöf
Deiliskipulag var umráð af VSÓRáðgjöf í samráði við Grindavíkurbæjar og HS Orku vortó 2013.

SAMBÝKKTIR:

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í Skipulags- og umhverfisstofnun Grindavíkurbæjar þann _____ og í Bæjarstjórn þann _____
Tillagan var auglýst frá _____
með athugasemdarferst í _____
Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

LOKAHÚS OG ÚTLOFTUNARBRUNNUR
TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI

VSÓ RÁÐGJÖF

HÖRUFARSTR. 20, 105 REYKJAVÍK, S. 105000. Fax: 5858010
www.vso.is, vso@vso.is

HANNAÐ: GHS/SB
TEIÐNAÐ: GHS/HLA
KVARNÁ: 1:500 [A2]
DAGS: 23.04.2014
BREYTT: -

001